



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Íbúaráð Laugardals

9. september 2024



Íbúaráð Laugardals 11. mars 2024:

Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um brunaáætlanir fyrir borgarhlutann Laugardal og aðlæg hverfi - MSS24030064

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?
2. Er aðlögunartími (brotflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?
3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu?

Greinargerð:

Íbúaráð Laugardal er sérstaklega hugsuð yfir tíðum brunum í húsnæði þar sem er léttur iðnaður nærri uppbyggingu nýrrar byggðar og búsetu í ólöglegu húsnæði.

Hér er listi sem telur nokkra alvarlega bruna á svæðinu:

- Tveir stórbrunar í Skeifunni (Faxafen og húsnæði Fannar / Bónus)
- Hringrásarbruninn
- Tveir stórbrunar í Fellsmúla á liðnum árum
- Alvarlegur brunni í ósamþykktu húsnæði við Vatnagarða og endurtekinn brunni síðar á sama stað
- Stórbruni varð fyrir lengra síðan í Lystadún Snæland í lðnvogum



Brunavarnaáætlun SHS

4.5.2018 - 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins



- Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 skal slökkvilið vinna brunavarnaáætlun fyrir þjónustusvæði sitt á fimm ára fresti.
- Eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017
- Starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

Viðbragðstími

Fylgirit 1 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Forvarnir

Fylgirit 3 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Viðbragðsflokkar á starfssvæðinu

Fylgirit 5 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Önnur verkefni

Fylgirit 4 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 – 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins



Fyrirspurn:

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?



- Samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 skal slökkvilið vinna brunavarnaáætlun fyrir þjónustusvæði sitt á fimm ára fresti.
- Brunavarnaáætlun SHS fyrir höfuðborgarsvæðið tók gildi í maí 2018 og var henni framlengt fram í nóvember 2024.
- Ný áætlun er í vinnslu.
- Brunavarnaáætlun snýst um að sýna fram á að slökkvilið sé þannig
 - mannað, menntað, þjálfað,
 - útbúið að það ráði við stærstu áhættur á þjónustusvæðinu.
- Í því felst m.a. að vera með nægilega vel mannaðar og staðsettar slökkvistöðvar til að vera komin á vettvang elds eða mengunarslyss innan tilsetts tíma fyrir tiltekin svæði.

Fyrirspurn:

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?

Reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018

16. gr. Útkallssvæði slökkviliða

Í brunavarnaáætlun skal gera grein fyrir viðbragðstíma slökkviliðs. Skipta skal útkallssvæði slökkviliðs í eftirfarandi flokka eftir viðbragðstíma:

- Útkallssvæði 1:
Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.
- Útkallssvæði 2:
Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.
- Útkallssvæði 3:
Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.
- Útkallssvæði 4:
Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli.

Viðbragðstími

Fylgirit 1 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins



4.5.2018 - 3.5.2023





Fyrirspurn:

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?





Fyrirspurn:

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?



- Brunavarnaáætlun er ekki sundurliðuð eftir hverfum eða sveitarfélögum heldur tekur til svæðisins í heild.
- Hún er ekki uppfærð þegar breytingar eru gerðar á skipulagi innan þjónustusvæðisins en endurskoðun á mönnun hefur þó farið fram reglubundið á gildistíma hennar þar sem ákveðnir mælikvarðar eru skoðaðir til þess að kanna hvort forsendur fyrir mönnun slökkviliðsins hafi breyst, t.d. með stækkun og þéttingu byggðar og auknu álagi á gatnakerfi.
- Þessir mælikvarðar eru fyrst og fremst viðbragðstími og mönnun í útköllum, en jafnframt hefur verið fylgst með því að forvarnasvið slökkviliðsins nái að anna eftirliti með hönnun og eldvörnum mannvirkja.

Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

1. Inngangur

Fyrsta skref til þess að meta áhættu sem hefur mótandi áhrif á starfsemi og stærð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. er kortlagning á áhættu á starfssvæði liðsins. Í þessu fylgiriti með brunavarnaáætlun SHS er áhætta kortlögð með því að flokka byggingar og staði eftir eðli starfsemi þeirra og greina áhættu í flokkunum, meta umfang áhættunnar og áætla viðbragð í samræmi.

Ekki er fjallað um áhættur sem falla undir lög um almannavarnir í þessari greiningu, s.s. náttúruhamfarir, aðrar en þær sem varða starfsemi SHS, en vísað í áhættumat almannavarna á höfuðborgarsvæðinu sem unnið var árið 2011 og endurskoðað árið 2014 (Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins, 2011 og 2014). Það verkefni fól í sér úttekt á helstu hættum sem geta stöðjað að íbúum, eignum og umhverfi á höfuðborgarsvæðinu.

Rétt er að taka fram að hættumati nokkurra stærri fyrirtækja á að skila inn til samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði, en hana skipa fulltrúar frá Vinnueftirlitinu, Ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun. Nefndin er vakandi yfir þessum áhættum og kallar m.a. til slökkviliðið er þurfa þykir.

Stærstu og erfiðustu áhættur á starfssvæðinu móta að vissu leyti stærð slökkviliðsins, en ráðandi forsenda fyrir árangri slökkviliðsins er að viðbragðstími sé innan þeirra marka sem sett eru af Mannvirkjastofnun.

Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins




Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflytningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki.

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023



Mynd 35. Sérstakar áhættur á höfuðborgarsvæðinu. Hvalfjardargöng ekki á myndinni.



Fyrirspurn:

- Er aðlögunartími (brotflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Stökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023




Tafla 14. Yfirlit yfir sérstakar áhættur á höfuðborgarsvæðinu.


| Sérstakar áhættur | | Sérstakar áhættur | |
|-------------------|---|-------------------|----------------------------------|
| 1 | Alþingishúsið | 20 | Kemís |
| 2 | Álverið í Straumsvík | 21 | Kórin, stærri viðburðir |
| 3 | Björgunarmiðstöð | 22 | Kringlan |
| 4 | Costco | 23 | Landspítalinn Eiríksögötu |
| 5 | Egilshöll, stærri viðburður | 24 | Landspítalinn Fossvogi |
| 6 | Fangelsið Hólmsheiði | 25 | Laugardalshöll, stærri viðburðir |
| 7 | Flugeldageymslan | 26 | Lögreglustöðin Hverfisgötu |
| 8 | Fosshótel Þórunnartúni | 27 | Olíubirgðastöð Atlantsolíu |
| 9 | Gasfélagið ehf. | 28 | Olíubirgðastöðin Örfirisey |
| 10 | Grand hótel | 29 | Reiknistofa bankanna |
| 11 | Hjúkrunarheimilið Eir | 30 | Reykjavíkurflugvöllur |
| 12 | Hjúkrunarheimilið Grund | 31 | Smáralind |
| 13 | Hjúkrunarheimilið Hrafnista Reykjavík | 32 | Smáraturn |
| 14 | Hjúkrunarheimilið Hrafnista Hafnarfirði | 33 | Tónlistarhúsið Harpa |
| 15 | Hringrás | 34 | Vöruhótel Eimskips |
| 16 | Hvalfjarðargöng | 35 | Vöruhótel Samskipa |
| 17 | Höfðatún | 36 | Þjóðleikhúsið |
| 18 | Ikea | 37 | Safnahúsið |
| 19 | Ísaga | 38 | Þjóðminjasafn Íslands |

Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflytningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hættu fyrir íbúa eða fyrirtæki?



Mynd 4. Viðbragðstími í sérstakar áhættur við bestu aðstæður.



Mynd 5. Viðbragðstími í sérstakar áhættur á álagstíma.

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023




Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Tafla 84. Fjöldi stöðva á staðnum fyrir hverja sérstaka áhættu innan tilskilins tíma fyrir hvern viðbragðsflokk.

| | Viðbragðs-flokkur 1 | Viðbragðs-flokkur 2 | Viðbragðs-flokkur 3 | Viðbragðs-flokkur 4 |
|---|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|
| Sérstakar áhættur | 0-10 mín | 10-15 mín | 15-20 mín | 20-25 mín |
| Alþingishúsið | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Álverið í Straumsvík | 0 | 1 | 2 | 3 |
| Björgunarmiðstöð | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Costco | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Egilshöll, stærri viðburður | 2 | 3 | 4 | 4 |
| Fangelsið Hólmsheiði | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Flugeldageymslan | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Fosshótel Þórunnartúni | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Gasfélagið ehf. | 0 | 1 | 2 | 3 |
| Grand hótel | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Hjúkrunarheimilið Eir | 2 | 3 | 4 | 4 |
| Hjúkrunarheimilið Grund | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Hjúkrunarheimilið Hrafnista Reykjavík | 1 | 2 | 3 | 4 |
| Hjúkrunarheimilið Hrafnista Hafnarfirði | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Hringrás | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Hvalfjarðargöng | 0 | 0 | 1 | 2 |
| Höfðaturn | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Ikea | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Ísaga | 3 | 4 | 4 | 4 |
| Kemís | 3 | 4 | 4 | 4 |
| Kórinn, stærri viðburður | 0 | 2 | 4 | 4 |
| Kringlan | 3 | 4 | 4 | 4 |
| Landspítalinn Eiríksgötu | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Landspítalinn Fossvogi | 3 | 4 | 4 | 4 |
| Laugardalshöll, stærri viðburður | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Lögreglustöðin Hverfisgötu | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Oliubirgðastöð Atlantsolíu | 1 | 2 | 3 | 4 |

| | Viðbragðs-flokkur 1 | Viðbragðs-flokkur 2 | Viðbragðs-flokkur 3 | Viðbragðs-flokkur 4 |
|----------------------------|---------------------|---------------------|---------------------|---------------------|
| Sérstakar áhættur | 0-10 mín | 10-15 mín | 15-20 mín | 20-25 mín |
| Oliubirgðastöðin Örfirisey | 1 | 1 | 4 | 4 |
| Reiknistofa bankanna | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Reykjavíkurlugvöllur | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Smáralind | 2 | 4 | 4 | 4 |
| Smáraturn | 2 | 4 | 4 | 4 |
| Tónlistarhúsið Harpa | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Vöruhótel Eimskips | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Vöruhótel Samskipa | 1 | 4 | 4 | 4 |
| Þjóðleikhúsið | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Safnahúsið | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Þjóðminjasafn Íslands | 1 | 3 | 4 | 4 |
| Meðaltal | 1,2 | 3,2 | 3,8 | 3,9 |





Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hættu fyrir íbúa eða fyrirtæki?

- Brunavarnaáætlun er ekki sundurliðuð eftir hverfum eða sveitarfélögum heldur tekur til svæðisins í heild.
- Aðrar áætlanir sem slökkvilið vinnur með eru viðbragðsáætlanir og aðkomuáætlanir sem þá tengjast tilteknum mannvirkjum og/eða viðburðum. Þar hefur fyrst og fremst verið horft til stærstu áhættuþátta á svæðinu og sértækrar áhættu.
- Yfirleitt hafa skipulagsbreytingar sem þær sem hér um ræðir ekki áhrif á áætlanir slökkviliðsins þó vissulega megi áætla að í blandaðri byggð íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis geti skapast meiri eldhætta en í hreinni íbúðabyggð.
- Svo fer það eftir eðli starfseminnar hversu mikil eld-, mengunar- eða sprengihætta er af henni.

Kortlagning á áhættu

Fylgirit 2 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023





Fyrirspurn:

2. Er aðlögunartími (brottflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?

- Slökkviliðið sinnir annars vegar forvörnum (s.s. eftirliti með hönnun mannvirkja m.t.t. eldvarna, úttektum á eldvörnum mannvirkja áður en þau eru tekin í notkun og eftirliti með eldvörnum atvinnuhúsnæðis) og hins vegar aðgerðum (viðbragði við eldsvoða og mengunaróhöppum, björgun fastklemmdra o.fl.).
- Aðkoma slökkviliðsins að skipulagi hverfa er því lítil og háð því að óskað sé eftir umsögn þess í skipulagsferlinu.
- Mikilvægast fyrir slökkviliðið er að komast á staðinn í tæka tíð ef eldur brýst út og að eldvarnir bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæðis séu fullnægjandi.

Forvarnir

Fylgirit 3 með brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

4.5.2018 - 3.5.2023





Fyrirspurn:

3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu?


- Í nýlegum tillögum starfshóps um húsnæðismál SHS til framtíðar, sem samþykktar hafa verið í borgar- og bæjarráðum aðildarsveitarfélaganna kemur eftirfarandi fram:
 - Aukið samráð verði haft við SHS varðandi skipulag og útfærslu á gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu. Þegar farið er í breytingar, framkvæmdir, hraðahindranir, þrengingar o.s.frv. Í raun alltaf þegar framkvæmdin getur haft áhrif á forgangsakstur.
 - Að SHS verði falið að hafa sérstakan kafla í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins um staðsetningu slökkvistöðva og viðbragðstíma, gatnakerfi og ráðstafanir til að tryggja sem bestan viðbragðstíma í nýjum hverfum.
 - Að skipulagsdeildum sveitarfélaga verði falið að hafa samráð við SHS þegar verið er að skipuleggja ný hverfi á vegum sveitarfélagana. Að í skipulagsskilmálum nýrra hverfa verði sérstaklega fjallað um viðbragðstíma.





Fyrirspurn:

3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu?



- Borgarlínan nýtist sem forgangsakrein fyrir viðbragðsaðila.



Fyrirspurn:

3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu?



- Ný slökkvistöð í tengslum við Sundabraut.

Íbúaráð Laugardals 11. mars 2024:

Fyrirspurn íbúaráðs Laugardals um brunaáætlanir fyrir borgarhlutann Laugardal og aðlæg hverfi - MSS24030064

1. Hver eru ferlin við uppfærslur brunaáætlana þegar breytingar verða á landnýtingu við þéttingu byggðar?
2. Er aðlögunartími (brotflutningur fyrirtækja / breyting á landnotkun) of rúmur, skapast af honum hætta fyrir íbúa eða fyrirtæki?
3. Hafa brunaáætlanir verið uppfærðar fyrir Vogabyggð, Kirkjusand og önnur uppbyggingasvæði í hverfinu?

Greinargerð:

Íbúaráð Laugardal er sérstaklega hugsuð yfir tíðum brunum í húsnæði þar sem er léttur iðnaður nærri uppbyggingu nýrrar byggðar og búsetu í ólöglegu húsnæði.

Hér er listi sem telur nokkra alvarlega bruna á svæðinu:

- Tveir stórbrunar í Skeifunni (Faxafen og húsnæði Fannar / Bónus)
- Hringrásarbruninn
- Tveir stórbrunar í Fellsmúla á liðnum árum
- Alvarlegur brunni í ósamþykktu húsnæði við Vatnagarða og endurtekinn brunni síðar á sama stað
- Stórbruni varð fyrir lengra síðan í Lystadún Snæland í lðnvogum



Janúar 2005



Gúmmídekkjavinnsla Hringrásar í
Klettagörðum-áhöttumat

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Júlí 2012

SKJALAVER
HÖFÐATORGI
15. JÚLÍ 2012
Málaréttill. 10. 0130
Íshæð: 25.26

HRINGRÁS

VSÓ RÁÐGJÖF

Tillögur að nýju skipulagi - bættar brunavarnir -
áhöttuminnkandi aðgerðir

Verklausn: Hringrás EHF
Dagsetning: 2.7.2011

VSÍ
VIRKISMAÐAFLYTTINGAR- OG
VIRKISMAÐAFLYTTINGAR- OG

BRUNINN Í SUNDAHÖFN

Margir áttu svefnlitla nótt

Um tuttugu manns og einn köttur í íþróttasal Langholtsskóla

NÁGRANNARNIR og kunningjakonurnar Lilja Magnúsdóttir og Guðrún Magnúsdóttir hölluðu sér í íþróttasal Langholtsskóla í fyrri nótt ásamt um tuttugu manns, að þær töldu, og einum ketti eftir að þeim var gert að yfirgefa heimili sín við Kleppsvog í kjölfar brunans í Hringrás í fyrirkvöld.

Þau sögðu blaðamannai að þeim hafi vart komið blundur á brá þar sem þær lágu á dýnum á gólfí salarins en tóku fram að þær væru afar ánægðar með þá aðstöðu sem boðið var upp á.

Læknar fylgdust með liðan fólks

57 manns gistu í skólanum og alls 83 í húsnæði á vegum Rauða krossins. Um morguninn færði fólkið sig yfir í húsnæði KFUM þar sem einnig fór fram skráning á þeim sem þurftu að yfirgefa heimili sín. Þá fylgdust læknar með liðan fólks.

Guðrún, sem býr á Kleppsvogi 40, varð vör við brunann þegar hún heyrði hróp og köll fyrir utan og síðan í gjallarhorni ofan á bil. Hún opnaði aðeins svaladyrnar og gaus þá á móti henni tegilegur fnykur. „Loftið var banvænt,“ sagði hún. Svalirnar snúa frá brunastaðnum og telur Guðrún að reykurinn hafi komið yfir húsið og síðan sest fyrir á lokuðum svölunum.

Lilja sagðist hafa drifið sig út

og upp í strætisvagn sem beið fyrir utan húsið hennar á Kleppsvogi 50 og ók íbúum að Langholtsskóla. Hún svaf ekkert um nóttina og var heldur lúin þegar Morgunblaðsmenn ræddu við hana og Guðrúnu í gær í húsnæði KFUM.

Hrædd um börnin í sótsvörtum reykingum

Þar var meðal annarra Sonja Ellen McManus ásamt manni sínum og þremur börnum þeirra. Sonja sagði að þegar þau hefðu yfirgefið húsið hefði sótsvartur og viðbjóðslegur reykur mætt heim. Börnin tóku þessu vel og María Nathalie Mai, dóttir þeirra, var ekki lengi að teikna mynd sem var innblásin af atburðinum, líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Sonja sagði að Oliver maðurinn sinn hefði fyrst orðið var við eldinn þegar hann stóð úti á svölum. Þau lokuðu þegar dyrum og gluggum og reyndu að loka fyrir lofttöðu í eldhúsinu. Stuttu síðar heyrðust læti fyrir utan og síðan var bankað á hurðina og þeim sagt að yfirgefa húsið. Sonja kvaðst hafa verið hrædd um börnin og allt hafi þetta verið afar ónotalegt.

Um klukkan 14 í gær, þegar Sonja og Oliver litu inn í íbúðina í fyrsta skipti frá því þau þurftu að yfirgefa hana í snarhasti, var brunalyktin enn of mikil til þess að þau treystu sér til að dvelja þar. Þau vondust þó til að geta gist þar í nótt.



Morgunblaðið/Gölli

„Loftið var banvænt,“ sagði Guðrún Magnúsdóttir, t.h., sem sat með kunningjakuonu sinni, Lilju Magnúsdóttur, í húsnæði KFUM við Holtaveg þar sem fólk sem þurfti að yfirgefa hús sín vegna brunans kom til að skrá sig.



Morgunblaðið/Gölli

María Nathalie Mai var sallaróleg og hafði teiknað mynd af atburðum næturinnar en bróðir hennar, Alexander Oliver, var nokkuð órölegri í fangi móður sinnar, Sonju Ellenar McManus, þar sem þau héldu sig í húsi KFUM í gær.